

BÆJANÖFN O.FL.

Menntamálaráðuneytið hefur – samkvæmt lögum nr. 35 18. febrúar 1953 um bæjanöfn o.fl. – gefið út leyfisbréf fyrir eftirgreindum nöfnum á árinu 1997.

Í umdæmi sýslumannsins í Borgarnesi:

Þorgautsstaðir II á nýbýli úr landi Þorgautsstaða, Hvítársíðuhreppi.

Í umdæmi sýslumannsins á Sauðárkróki:

Ytra-Skörðugil III á nýbýli úr landi Ytra-Skörðugils II, Seyluhreppi.

Í umdæmi sýslumannsins á Akureyri:

Laugarholt II á býli úr landi Vökulands, Eyjafjarðarsveit.

Í umdæmi sýslumannsins á Húsavík:

Gautlönd III á nýbýli úr landi Gautlanda I, Skútustaðahreppi.

Í umdæmi sýslumannsins á Hvolsvelli:

Grásteinn á hrossaræktarbýli úr landi Snjallsteinshöfða II, Holta- og Landssveit.

Í umdæmi sýslumannsins á Selfossi:

Hraunteigur á iðnaðar- og þjónustubýli úr landi Réttarholts, Gnúpverjahreppi,

Laugar II á garðyrkjubýli úr landi Lauga, Hrunamannahreppi,

Háagerði á garðyrkjubýli úr landi Hæðarenda, Grímsneshreppi,

Eystri-Þurá I á býli úr landi Eystri-Þurár, Ölfushreppi og

Einholt II á býli úr landi Einiholts, Biskupstungnahreppi.

Í umdæmi sýslumannsins í Reykjavík:

Kirkjumór á trjáræktarbýli úr landi Mosfellskirkju í Mosfellsbæ.

Menntamálaráðuneytinu, 31. desember 1997.

F. h. r.

Árni Gunnarsson.

Karítas H. Gunnarsdóttir.